



## Samgöngunefnd SSA Fundargerð 2. fundar starfsárið 2018 – 2019

Fundur var haldinn í samgöngunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fimmtudaginn 22. nóvember 2018, kl. 15:00 í húsakynnum Austurbrúar að Vonarlandi á Egilsstöðum.

Mætt voru: Anna Alexandersdóttir, Lárus Heiðarsson, Elvar Snær Kristjánsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Teitur Helgason, Þorbjörg Sandholt og Helgi Hlynur Ásgrímsson varamaður Jakobs Sigurðssonar. Auk þess sat Hildur Þórisdóttir sem er í stjórn SSA og varamaður í samgöngunefnd fundinn. Verkefnastjóri sveitarstjórnarmála, Jóney Jónsdóttir, ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Gengið var til eftirfarandi dagskrár:

1. Ályktanir um samgöngumál samþykktar á aðalfundi 2018.
2. Upplýsingar frá/um starf starfshóps um jarðgöng til Seyðisfjarðar.
3. Formaður stjórnar SSA, Einar Már Sigurðarson, segir frá fundi með starfshópi um flug og fundi með samgöngunefnd Alþingis.
4. Sveinn Sveinsson svæðisstjóri hjá Vegagerðinni segir frá forsendum um flokkun vega sem liggur til grundvallar samgönguáætlun, öryggisþáttum og fl.
5. Önnur mál

1. Ályktanir um samgöngumál samþykktar á aðalfundi 2018. Ályktanirnar voru skoðaðar. Rætt var um veggjöld og að rétt væri að fara yfir þá umræðu.
2. Upplýsingar frá/um starf starfshóps um jarðgöng til Seyðisfjarðar. Formaður sagði frá nokkrum atriðum frá starfi starfshópsins en í honum sitja Hreinn Haraldsson formaður, Snorri Björn Sigurðsson, Adolf Guðmundsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Jóna Árný Þórðardóttir. Haldnir hafa verið 3 fundir. Hópurinn hefur fengið KPMG til að greina málið og vinna skýrslu um það.
3. Formaður stjórnar SSA, Einar Már Sigurðarson, sagði frá fundi með starfshópi um flug og fundi með samgöngunefnd Alþingis. SSA ályktaði um samgönguáætlun og skrifaði umsögn um hana til samgöngunefndar Alþingis. Í kjölfar ályktunarinnar hitti stjórnin samgönguráðherra á fundi. Fjórir stjórnarmenn hittu samgöngunefnd Alþingis þar sem rætt var um samgönguáætlun sem er verulega óhagstæð fyrir starfssvæði SSA. Einar Már sagði einnig frá fundi formanna og framkvæmdastjóra hlutaðeigandi landshlutasamtaka með starfshópi um flug og skosku leiðina.
4. Sveinn Sveinsson svæðisstjóri hjá Vegagerðinni sagði frá forsendum um flokkun vega sem liggur til grundvallar samgönguáætlun, öryggisþáttum og fyrirhuguðum framkvæmdum.
5. Önnur mál



- a. Forstjóri Vegagerðarinnar mun koma á fund nefndarinnar 28. febrúar nk.
- b. Næsti fundur verður fimmtudaginn 24. janúar 2019.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:30.

Jóney Jónsdóttir  
Verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála